

Ársskýrsla | 2009



Einkaleyfastofan

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsemi sviða	4
Lagasvið	4
Gæðasvið	5
Einkaleyfasvið	6
Vörumerkja- og hönnunarsvið	8
Vörumerki	8
Hönnun	10
Rekstrarsvið	10
Faggildingarsvið	11
Starfsemi - óháð fagsviðum	12
Innlent samstarf	12
Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE)	
– Félag einkaleyfasérfræðinga (FEIS)	12
Fræðslu- og kynningarmál	12
Námskeið á vegum Evrópsku einkaleyfastofunnar	
fyrir dómara um málarekstur í einkaleyfamálum	14
Kynningar- og umræðufundur um	
„Patent Prosecution highway“	14
Upp úr skúffunum	15
Samstarf um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum	13
Erlent samstarf	16
Samstarf við Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO)	16
Hugverkahópur EFTA	17
Samstarf faggildingastofa í Evrópu	17
Norrænt samstarf/ Eystrasaltsríkjasamstarf	17
Nordic Patent Institute	17
Alþjóðahugverkastofnunin – (WIPO)	18
Ráðstefnur	19
Starfsmannamál	20
Endurmenntun	21
Verkferlar, tölvu – og tæknimál	21
Árangursmat	23
Ársáætlun	23
Ársreikningur	23
Samanburður og skýringar á helstu frávikum	23

Inngangur



Ásta Valdimarsdóttir,
forstjóri ELS.

Erfiðleikar í efnahagslífinu höfðu óumflýjanleg áhrif á starfsemi stofnunarinnar á árinu. Kröfur um niðurskurð á öllum ríkisrekstri kölluðu á hagræðingu og breytingar hjá Einkaleyfastofunni eins og öðrum ríkisstofnunum. Þá hefur samdráttur í efnahagslífinu hér og erlendis einnig bein áhrif á starfsemi stofnunarinnar þar sem almennt gætir fækkunar umsókna og endurnýjana á slíkum tímum.

Ef litið er á heildarútkomu ársins kemur í ljós að fækkunar gætir aðallega í umsóknum erlendra aðila. Fækkun vörumerkjaumsókna (22%) hafði mikil áhrif á tekjur stofnunarinnar, enda um að ræða umfangsmesta verkefni og jafnframt helsta tekjulið stofnunarinnar. Afar ánægjulegt er að sjá að bæði einkaleyfa- og hönnunarumsóknum frá innlendum aðilum fjölgaði á árinu og fækkun innlendra vörumerkjaumsókna var mun minni en hinna erlendu.

Þrátt fyrir niðurskurð og aðhald var haldið áfram með ýmis brýn verkefni og meðal annars var lokið við að smíða nýja einkaleyfaskrá sem tekin var í notkun 1. júní. Þá var áfram unnið að innleiðingu rafræns skjalakerfis og var mikilvægt skref í því ferli tekið með smíði brúar milli vörumerkjaskrár og GoPro skjalavistunarkerfisins. Æskilegt væri að vinna frekar í svipuðum tengingum við GoPro en slíkt verður þó væntanlega að bíða.

Segja má að rafrænt skjalavistunarkerfi hafi verið innleitt hjá stofnuninni þar sem öll skjöl sem koma inn eða fara frá stofnuninni eru nú vistuð í rafærnu skjalakerfi. Enn er stofnunin þó ekki orðin pappírslaus þar sem mikið af eldri gögnum hafa ekki öll verið skönnuð inn og finnast því ekki í rafræna skjalakerfinu. Nokkurn tíma mun einnig taka að breyta verklagi og venjum, bæði starfsmanna stofnunarinnar og helstu viðskiptavina, þannig að notkun pappírseintaka hverfi alfarið.


Eins og fyrr segir höfðu kröfur um niðurskurð mikil áhrif á starfsemina, sér í lagi á starfsfólk stofnunarinnar. Starfsfólki fækkaði mjög mikið, í upphafi árs voru starfsmenn 31 talsins en í lokin aðeins 24 og þar af 2 í barnseignarleyfi. Þá var skipuriti breytt þannig að stjórnunarstöðum fækkaði, starfsmenn voru fluttir til í störfum og nokkrir starfsmenn fóru í skert starfshlutfall. Þó að einhver fækkun hafi verið á umsóknum, eins og fyrr segir, jókst vinnuálag á starfsmenn í kjölfar fyrrgreindrar hagræðingar. Að mínu mati hafa starfsmenn sýnt þessum aðgerðum skilning og mikinn vilja til samvinnu við að leysa úr málum á sem farsælastan hátt fyrir starfsemi stofnunarinnar. Ber að þakka og hrósa starfmönnum fyrir það.

Ásta Valdimarsdóttir

Starfsemi sviða

Á Einkaleyfastofunni (ELS) eru þrjú fagsvið, einkaleyfasvið, vörumerkja- og hönnunarsvið og faggildingarsvið, hvert með sinn sviðsstjóra. Að auki voru starfrækt þrjú stoðsvið við fagsviðin en þau eru lagasvið sem hafði m.a. yfirmsjón með laga- og reglugerðarbreytingum og lagalegum álitamálum, gæðasvið sem sá um innleiðingu gæðastjórnunarkerfis og viðhald þess og rekstrar-svið sem hefur umsjón með daglegum rekstri, skjala- og tölvumálum, fræðslu og kynningarmálum ásamt því að halda utanum endurmenntunarmál starfsmanna.

Hinn 1. desember á árinu 2009 voru gerðar skipulagsbreytingar á starfseminni og tók þá gildi nýtt skipurit. Með nýju skipuriti voru lagasvið og gæðasvið lögð niður og starfsemi þeirra færð inn á fagsviðin, að auki starfar nú yfirlögfræðingur ELS beint undir forstjóra. Ekki var gerð breyting á öðrum sviðum.



Nýtt skipurit ELS, í gildi frá 1. desember 2009.

Lagasvið

Lagasvið annaðist hvers kyns lögfræðileg álitaefni frá fagsviðum.

Lögfræðingar lagasviðs tóku við málum ef umsókn var hafnað á vörumerkja- og hönnunarsviði. Ennfremur úrskurðaði lagasvið í svonefndum andmælumálum í þeim tilvikum þar sem andmælt var skráningu vörumerkja eða hönnunar eða veitingu einkaleyfa. Á árinu 2009 úrskurðaði ELS í 23 andmælumálum en 16 málum var andmælt á árinu.

Sviðið annaðist samskipti við áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar þegar niðurstöðum ELS var áfrýjað til nefndarinnar.

Þá vann lagasvið að breytingum á lögum og reglugerðum, þegar stofnuninni voru falin slík verk.

Lokið var vinnu við frumvarp til breytinga á vörumerkjälögum vegna alþjóðlegrar tæmingar réttinda. Frumvarpið varð að lögum í lok árs. Sjá lög nr. 117/2009.

Þá var unnið að frumvarpi til breytinga á vörumerkjalögum, sem kemur til m.a. vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að Singapúrsamningi um vörumerki. Þá var unnið að sameiningu reglugerðar um einkaleyfi varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. nr. 574/1991, með síðari breytingum, og auglýsingar um reglur varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. nr. 575/1991, með síðari breytingum.

Á lagasviði störfuðu fjórir lögfræðingar þar til í október. Frá þeim tíma störfuðu þrír lögfræðingar á sviðinu. Lagasvið var lagt niður 1. desember vegna skipulagsbreytinga á Einkaleyfastofunni. Í kjölfarið heyra nú tveir lögfræðingar undir vörumerkja- og hönnunarsvið, einn undir einkaleyfasvið en yfir lögfræðingur starfar beint undir forstjóra.

Gæðasvið


Á árinu var unnið að því að endurbæta gæðahandbókina og festa hana í sessi sem aðal uppflattirit starfsmanna. Unnið var eftir ISO 9001:2008 staðlinum en ekki reyndist unnt að fara í óháða vottun vegna kostnaðar. Samhliða var unnið að því að setja saman starfsmannahandbók með gagnlegum upplýsingum fyrir starfsmenn um réttindi og skyldur þeirra, almennar upplýsingar um stofnunina auk ýmissa upplýsinga er varða öryggi starfsmanna. Þá var sett ný stefna stofnunarinnar í ýmsum málum, s.k. gæðastefna auk þess sem stefna var sett í starfsmannamálum og var kynnt af forstjóra á starfsmannafundi.

Gæðasvið var lagt niður 1. desember en sviðstjóri einkaleyfasviðs mun sinna hlutverki gæðastjóra.

Einkaleyfasvið

Einkaleyfasvið annast meðhöndlun einkaleyfisumsókna og útgáfu einkaleyfa sem og hvers kyns upplýsingagjöf varðandi einkaleyfi. Á sviðinu störfuðu fimm starfsmenn.


Einkaleyfisumsóknir, landsbundnar og yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir, voru nokkuð fleiri en á árinu á undan, eða 86 talsins, þar af voru 62 grunnumsóknir frá Íslendingum. Til samanburðar voru einungis 50 grunnumsóknir frá íslenskum aðilum á árinu á undan.



Einkaleyfaumsóknir, samanburður milli ára 2008 og 2009.

Veitt einkaleyfi voru 79 talsins, þar af voru 4 veitt til íslenskra aðila.

EP-staðfestingum fjölgaði mjög frá árinu á undan, voru 414 en 275 á árinu 2008. Heldur færri alþjóðlegar grunnumsóknir (PCT/IS) voru lagðar inn hér á árinu, eða 17 talsins, miðað við 22 á árinu á undan.



EP staðfestingar, samanburður milli ára 2008 og 2009.

Með tilkomu EP-staðfestinga hefur einkaleyfum í gildi á Íslandi fjölgað mikið. Í lok árs voru einkaleyfi í gildi hér á landi alls 720.

Fimm endurveitingarbeiðnir bárust á árinu, í lok árs höfðu tvær þeirra verið afgreiddar. Engin andmæli bárust við veittum einkaleyfum.

Í lok árs 2009 voru um 1250 umsóknir óafgreiddar. Flestar þeirra voru umsóknir sem einnig eru til rannsóknar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og er því beðið eftir rannsóknarniðurstöðu þaðan.

Miklar breytingar urðu á innra starfi einkaleyfasviðs á árinu sem tengist rafrænni meðhöndlun umsókna og einkaleyfa.



Gamla einkaleyfaskráin, Helix, kvödd af Gunnari Guttormssyni fyrrverandi forstjóra ELS og Hafsteini Þór Einarssyni höfundi ELÍS

Ný einkaleyfaskrá var tekin í notkun þann 1. júní 2009. Skráin sem nefnd er ELÍS er sérsmíðuð fyrir stofnunina og byggir á opnum hugbúnaði. Skráin er með mun meiri og betri virkni en sú eldri sem þó hafði þjónað stofnuninni í um tvo áratugi og byggði á Macintosh umhverfi (Helix hugbúnaður).

Með nýju skránni er sjálfvirkni aukin við meðhöndlun umsókna og einkaleyfa sem dregur úr líkum á mannlegum mistökum við innslátt í skrána.

Einkaleyfastofan sendir reglulega gögn til Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar til birtingar í Esp@cenet gagnagrunninum (sjá hér fyrir neðan) auk þess sem sækja þarf gögn þangað um evrópskar einkaleyfisumsóknir sem ná til Íslands og verður sá gagnaflutningur nú auðveldari. Þá mun skráin einnig opna fyrir möguleika á rafrænni meðhöndlun umsókna og tengingu við rafrænt skjalavistunarkerfi stofnunarinnar.

Esp@cenet gagnagrunnur Evrópsku einkaleyfastofunnar inniheldur einkaleyfaskjöl hvaðanæva úr heiminum. Á árinu var hafin birting á útgefnum íslenskum einkaleyfum og aðgengilegum umsóknum á vefnum en áður höfðu bókfræðilegar upplýsingar um öll íslensk einkaleyfi og umsóknir verið aðgengileg þar. Í lok árs 2009 var búið að birta um 1000 veitt íslensk einkaleyfi og byrjað að birta nýjustu aðgengilegu umsóknirnar í gagnagrunninum. Í sífellu er unnið að því að birta nýjustu gögn sem og eldri gögn frá Íslandi.

Unnið var að sameiningu reglugerðar og auglýsingar um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir o.fl. enda komin tími á að uppfæra reglugerðina þar sem hún er að grunni til frá 1991.


Vörumerkja- og hönnunarsvið

Vörumerkja- og hönnunarsvið er fjölmennasta svið stofnunarinnar og meðhöndlar einnig flest erindi. Sviðið fer með meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, hönnunar og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka.

Vörumerki

Fækkun umsókna árið 2009 var umtalsverð miðað við árið þar á undan, eða um 22%. Vörumerkjaumsóknir voru samtals 3623. Alþjóðlegar umsóknir voru 2565, en landsbundnar umsóknir voru 1058. Fækkun alþjóðlegra umsókna var mun meiri en landsbundinna eða 26% en landsbundnum umsóknum fækkaði um 12%. Þá fækkaði landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila um 13%. Umsóknirnar dreifðust nokkuð jafnt yfir árið.


Alþjóðlegar endurnýjanir jukust mikið á árinu og voru nærri þrefalt fleiri en árið á undan. Ástæða fjölgunarinnar er sú að eftir að Ísland gerðist aðili að samningi um alþjóðlega skráningu vörumerkja árið 1997 fjölgaði slíkum umsóknum mjög hratt. Alþjóðlegar umsóknir sem bárust stofnuninni árið 1998 voru komnar að endurnýjun árið 2008. Landsbundnum endurnýjunum fækkaði óverulega.



Vörumerkjaumsóknir, samanburður milli áráanna 2008 og 2009

Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum fækkaði mikið, voru 20 á árinu, en 99 alþjóðlegar umsóknir voru áframsendar til Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) árið 2008.

Vörumerkjaskráningar á árinu 2009 voru 3504 sem er 13% fækkun frá árinu á undan. Í lok árs voru um 51.500 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi.



Skráð vörumerki, samanburður milli áráanna 2008 og 2009.


Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkja var ívið lægri en árið áður. Alþjóðlegum endurnýjunum fjölgaði um 6% á meðan landsbundnum endurnýjunum fækkaði um 12%.

Tæplega helmingi færri merkjum var andmælt árið 2009 en árið þar á undan eða 16. Þá var 8 málum áfrýjað til áfrýjunarnefndar.

Markmið Einkaleyfastofunnar er að skráningarferli umsókna um vörumerki sé í 90% tilvika ekki lengra en 10 vikur. Hér er átt við þær umsóknir þar sem formsatriði eru uppfyllt og merkinu er ekki synjað. Þessu takmarki var náð árið 2009 varðandi landsbundnar umsóknir en meðhöndlunartími alþjóðlegra umsókna var lengri. Ástæðan er sú að á árinu var rannsóknarferli alþjóðlegra umsókna sett á rafrænt form eingöngu og er nú að mestu pappírslaut. Aðlögun kerfisins og þjálfun starfsmanna tók sinn tíma en rafræna umsóknarferlið gengur nú vel.

Hönnun

Hönnunarumsóknum fjölgaði um tæp 30% frá árinu áður en samtals bárust 117 umsóknir. Alþjóðlegar umsóknir voru 63 og fjölgaði um ríflega 11%. Umsóknum frá erlendum aðilum fækkaði um eina miðað við árið í fyrra og voru samtals 13. Athygli vekur að fjölda umsókna í eigu íslenskra aðila fjölgaði um nálægt 100% frá árinu áður og voru nú 41. Gera má ráð fyrir að kynningarátak Einkaleyfastofunnar hafi þarna áhrif en undanfarin ár hefur stofnunin lagt ríka áherslu á að kynna almenningi og nemum Listaháskóla Íslands hönnunarvernd og í því sambandi m.a. stofnað til sambands við hönnunarmiðstöðvar sem hugsaðar eru fyrir nýja hönnuði. Meirihluti innlendra umsækjanda eru einstaklingar sem nýta sér ekki þjónustu umboðsmanna og er því oft þörf á meiri leiðbeiningum og aðstoð en ella.



Hönnunarumsóknir, samanburður milli áráanna 2008 og 2009.

Ísland hefur frá 2004 verið aðili að alþjóðlegum samningi um skráningu hönnunar (The Geneva Act of the Hague Agreement concerning the international registration of industrial designs). Aðildarríki eru nú ríflega 50, þar á meðal Evrópusambandið. Fjórir aðilar hér á landi nýttu sér alþjóðlega umsóknarkerfið á árinu.

Rekstrarsvið

Verkefni rekstrarsviðs eru af margvíslegum toga og taka til margra og ólíkra þátta starfseminnar. Eins og nafnið gefur til kynna fellur allur almennur rekstur undir sviðið, þ.á m. fjárreiður, bókhald og áætlanagerð. Einnig fellur undir sviðið umsjón með móttöku allra erinda, skjalavarsla, tölvumál, kerfisstjórn, kynningarmál og endurmenntun.

Áframhaldandi innleiðing skjalavistunarkerfisins GoPro.net sem tekið var í notkun árið 2008 var eitt af aðalverkefnum sviðsins þar sem unnið var að því að einfalda og aðlaga nær alla verkferla innan Einkaleyfastofunnar að kerfinu.

Töluverður tími og vinna fór í frekari aðlaganir og samþættingar annarra kerfa stofnunarinnar við GoPro.net og nýja heimasíðu sem opnuð var á árinu. Þó nokkur vinna fór í að undirbúa upptöku á nýju fjárhagskerfi, tekjubókhaldi ríkisins, sem taka á í notkun í byrjun árs 2010.

Starfmönnum sviðsins fækkaði um einn á árinu og voru fimm talsins í lok ársins.

Faggildingarsvið

Einkaleyfastofan annast faggildingu á Íslandi. Faggildingarstofur eru starfræktar í flestum löndum Evrópu og víða um heim.

Einkaleyfastofan starfar samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006 og staðlinum ISO/IEC 17011 um starfsemi faggildingarstofa. Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar faggildir skoðunarstofur, prófunarstofur, kvörðunarstofur og vottunarstofur í samræmi við viðeigandi staðla.

Faggildingar voru veittar á 12 mismunandi tæknisviðum á árinu. Heildarfjöldi faggilinga var 42 hjá 32 fyrirtækjum. Flest fyrirtæki eru með eina faggildingu en mest fimm. Þrjú ný fyrirtæki sóttu um faggildingu og eitt sótti um tvær nýjar faggildingar. Samstarf var haft við SWEDAC, faggildingarstofuna í Svíþjóð, um nokkrar faggildingar, einkum vegna prófunarstofa.

Unnið var að breytingum á lögum nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. vegna nýrrar reglugerðar ESB um faggildingu og markaðseftirlit sem verður innleidd héraðs. Með reglugerðinni er hlutverk faggildingar á innri markaði EES-svæðisins staðfest og kveðið á um að faggilding sé notuð þegar staðfesta þarf að vara og þjónusta uppfylli lögboðnar kröfur um öryggi, heilsu og umhverfi.

Frá 1. desember starfaði aðeins einn starfsmaður á sviðinu.

Starfsemi - óháð fagsviðum

Innlent samstarf

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) – Félag einkaleyfasérfræðinga (FEIS)

Í maí funduðu fulltrúar ELS og efnahags- og viðskiptaráðuneytisins með stjórn FUVE. Rætt var m.a. um rafræn samskipti, vinnu við drög að breytingum á vörumerkjalögum, málsmeðferð í einkaleyfamálum og undanþágu til handa umboðsmönnum einkaleyfa frá upplýsingarskyldu fyrir dómi um málefni umbjóðenda sinna (svonefnt „patent privileges“).

Um mitt ár voru skipaðir fjórir svonefndir „fókus“ hópar innan stofnunarinnar. Þeim er ætlað að hafa samband við helstu hagnunaaðila og notendur þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir til að greina áhersluatriði þessara aðila og leggja til úrbætur eða viðbætur við þjónustu stofnunarinnar. Fókus hópunum er skipt upp eftir notendum eða væntanlegum notendum, en þeir eru 1) háskólar og fræðslustofnanir, 2) stofnanir og samtök sem tengjast nýsköpun og atvinnulífi, 3) sprotafyrirtæki og 4) fyrirtæki með reynslu af nýtingu hugverkaréttinda.

Starfsmenn höfðu samband við marga aðila og skipulögðu fundi og heim-sóknir á fjölmarga staði. Meðal fyrirtækja og stofnana sem heimsótt voru má nefna; Össur, Marel, Actavis, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands (verkfræðideild), Nýsköpunarmiðstöð, Rannís og Nýsköpunarsjóður.

Fræðslu- og kynningarmál

Auk ofangreindra funda fókus hópa var nokkuð um fræðslu- og kynningarfundum á vegum Einkaleyfastofunnar á árinu.

Í febrúar tók Einkaleyfastofan þátt í framadögum háskólanema sem haldnir voru í Háskólabíói. Þar var starfsemi stofnunarinnar kynnt auk þess sem veittar voru almennar upplýsingar til háskólanema um hugverkaréttindi.

Einkaleyfastofan fagnaði alþjóðlegum degi hugverkaréttar, 26. apríl, með öðrum hætti en undanfarin ár. Í stað þess að bjóða til opinna kynninga um málefni er varða vernd hugverka heimsóttu sex starfsmenn Einkaleyfastofunnar ríflega 400 þátttakendur á námskeiðinu *Nýsköpun og stofnun fyrirtækja* í Háskólanum í Reykjavík þann 28. apríl. Þar var nemendum kynnt starfsemi stofnunarinnar og



Sýningarbás ELS á Framadögum 2009.

mikilvægi hugverkaréttar. Þá fengu nemendurnir afhentan bæklinginn „Auðkenni fyrirtækja, Hagnýtar leiðbeiningar um helstu skráningar“ sem Einkaleyfastofan gaf út.

Í byrjun maí mánaðar héldu þrír starfsmenn Einkaleyfastofunnar fyrirlestra um einkaleyfi, vörumerki og hönnun fyrir útskriftarnema í vöruhönnun frá LHÍ.

Í maí tók Einkaleyfastofan einnig þátt í „European SME week“ sem er kynning á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís, Samtaka iðnaðarins og Útflutningsráðs á Grand Hótel. Stofnunin var þar með kynningarbás og Ásta Valdimarsdóttir flutti erindi um hugverkavernd og gagnagrunninn esp@cenet.

Stofnunin var með aðstöðu á „Nýsköpunarmessu“ Háskóla Íslands sem haldin var í nóvember í tengslum við hugmyndasamkeppnina „Uppúr skúffunum“ (sjá umfjöllun að neðan) þar sem tveir starfsmenn af einkaleyfasviði fræddu áhugasama gesti um einkaleyfi og tengd málefni.

Seinni hluta ársins var töluvert um kynningar á vegum Einkaleyfastofunnar þar sem eftirfarandi aðilar voru heimsóttir eða heimsóttu stofnunina má þar nefna: Hvarf, félag efnafræðinema við Háskóla Íslands, laganemar frá Bifröst og Háskólanum í Reykjavík, Rannís, nemar í umhverfis- og byggingaverkfræði við Háskóla Íslands, Rafmangsverksfræðideild Háskóla Íslands og Tollstjórinn í Reykjavík.

Námskeið á vegum Evrópsku einkaleyfastofunnar fyrir dómara um málarekstur í einkaleyfamálum

Dagana 15. og 16. maí var haldið námskeið fyrir dómara varðandi málsmeðferð í einkaleyfamálum. Námskeiðið var haldið á vegum Evrópsku einkaleyfaakademíunnar og Einkaleyfastofunnar á Grand Hótel Reykjavík. Námskeiðið bar yfirskriftina „Patent litigation and procedures – IP training for national judges seminar series“. Námskeiðið sóttu dómara frá átta löndum, formaður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á Íslandi ásamt fulltrúa frá embætti ríkissaksóknara.

Námskeiðið var jafnt í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.



Hluti þátttakendanna á námskeiði fyrir dómara um málarekstur í einkaleyfamálum.

Kynningar- og umræðufundur um „Patent Prosecution highway“

Í lok maí var haldinn á Einkaleyfastofunni kynningarfundur um flýtimeðferð einkaleyfa sem allmörg ríki hafa nú gert tvíhliða samninga um. Þetta hefur verið nefnt „Patent Prosecution highway“ (PPH). Forstjóri dönsku einkaleyfastofunnar, Jesper Kongstad, kynnti samninga sem Danir hafa gert við Bandaríkin, Japan, Kóreu og Kanada. Eftir kynninguna fóru fram umræður og m.a. var rætt um hvort og hvernig slíkir samningar gætu nýst Íslendingum og við hverja væri mikilvægast að ná samningum við.

Upp úr skúffunum

Hugmyndasamkeppnin „Upp úr skúffunum“ er samstarfsverkefni Rannsóknabjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, Einkaleyfastofunnar og Árnason|Faktor. Hlutverk keppinnar er að koma á framfæri hugmyndum og uppfinningum innan Háskólans og Landsspítala – háskólasjúkrahúss og veita þeim viðurkenningu með verðlaunafé sem bestu verkefni eiga.

Verðlaunaafhendingin fór að þessu sinni fram á „Nýsköpunarmessu“ sem haldin var 18. nóvember á Háskólatorgi. Veitt voru fern verðlaun. Fyrstu verðlaun hlaut verkefnið „Burðarvaki“, sem er búnaður hannaður til þess að fylgjast með burði kúa og koma þannig í veg fyrir kálfadauða, en Hafrún Hauksdóttir, verkfræðingur hjá Merkjafræðistofu Háskóla Íslands, og Magnús Örn Úlfarsson standa að þessu verkefni.

Önnur verðlaun hlaut Skólapulsiinn sem er vefkerfi til þess að mæla virkni og líðan nemenda í skólum en að þessu hafa unnið Almar Miðvík Halldórsson og Kristján Ketill Stefánsson sem báðir stunda doktorsnám í menntunarfræði.

Priðju verðlaun hlaut verkefnið „Flæðigildra“ er miðar að því að hreinsa nælonþræði úr kítini sem unnið er úr rækjuskel. Þeir sem unnu að þessu verkefni, eru: Stefán Hjalti Garðarsson, Darri Kristmundsson, Hagalín Á. Guðmundsson og Birkir Veigarsson, allir nemar í verkfræðideild Háskóla Íslands.

Þá voru í fyrsta skipti veitt sérstök heiðursverðlaun en þau hlaut Páll Theódórsson eðlisfræðingur. Hann hefur unnið lengi og ötullega að þróun tækni sem nefnd er „ICELS“, en það er vökvasindurkerfi þróað til þess að mæla veik geislavirk sýni. Með þessari tækni hillir nú í möguleikann á því að tímasetja landnám Íslands með meiri nákvæmni en unnt hefur verið áður.

Samstarf um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum

Á árinu 2008 hófst óformlegt samstarf nokkurra hagsmunaaðila um að vinna gegn brotum á hugverkaréttindum. Þeir sem komið hafa að þessu starfi eru auk stofnunarinnar meðal annars efnahags- og viðskiptaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Tollstjórinn í Reykjavík, Lyfjastofnun, Neytendastofa, STEF, Smáis og fulltrúar úr höfundarréttarnefnd. Starfið hélt áfram árið 2009 og síðari hluta árs var ákveðið að vinna saman að vefsíðu um málefnið. Skráð var lénið „Falsanir.is“. Á árinu var unnið að hönnun á útliti síðunnar og öflun upplýsinga og kynningarefnis fyrir síðuna sem stefnt er á að opna á árinu 2010.

Erlent samstarf

Samstarf við Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO)

Meginhluti samstarfs á vegum EPO fer fram í framkvæmdaráði, fjárlaganefnd og í tveimur ráðgefandi nefndum er varðar lagaleg efni annars vegar og tæknileg mál hins vegar.

Framkvæmdaráðið fundaði fimm sinnum á árinu. Mikill tími fór í kosningar á nýjum forseta. Alison Brimelow, sem var kosinn forseti til 1. júlí 2010, ákvað að gefa ekki kost á sér að nýju. Þegar það fréttist, fyrrihluta árs 2009, hófst mikil kosningabarátt. Framjóðendur voru fjórir, Benoit Battistelli frá Frakklandi, Jesper Kongstad frá Danmörku, Roland Grossenbacher frá Swiss og Susanne Sivborg frá Svíþjóð. Samkvæmt ákvæðum í Evrópska einkaleyfasamningum þarf 3/4 meirihluta atkvæða við kosningu forstjóra og getur það reynst erfitt þegar 37 ríki greiða atkvæði. Sú varð raunin og þó að kosið væri bæði á fundi framkvæmdastjórnarinnar í október og í desember náðist ekki tilskilinn meirihluti. Á fundi framkvæmdaráðsins í desember ákvað einn frambjóðandinn, Jesper Kongstad, að draga framboð sitt til baka. Forstjóri og sviðsstjóri einkaleyfasviðs sóttu fundi ráðsins.

Tveir fundir voru í fjárlaganefnd og sótti sviðsstjóri rekstrarsviðs báða fundina. Til umræðu hefur verið heildarendurskoðun á fjármálum stofnunarinnar og hvernig verði unnt að tryggja að stofnunin verði sjálfbær til framtíðar. Meðal þess sem veldur áhyggjum í þessu samhengi eru miklar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar, langur meðhöndlunartími og kostnaður við umsóknir og styttri líftími einkaleyfa. Meðal annars var mikið var rætt um mögulegar leiðir til að auka framleiðni, herta rekstrarstjórnun og endurskoðun gjaldakerfisins. Til að ræða þetta sérstaklega voru haldin fjórar vinnustofur á haustmánuðum. Forstjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs tóku þátt í vinnustofu á Spáni í byrjun september.

Tveir fundir voru haldnir í laganefnd EPO á árinu, í febrúar og júlí. Sviðsstjóri lagasviðs og einkaleyfasviðs sóttu fundinn í febrúar, og sviðsstjóri lagasviðs sótti seinni fundinn. Á fyrri fundinum voru m.a. lagðar voru til breytingar á reglum EPC sem fela það í sér að umsækjandi getur lagt inn hlutunarumsókn og vísað til eldri umsókna. Í kjölfarið voru tillögur fundarins lagðar fyrir framkvæmdaráðið. Á seinni fundinum bar helst breytingartillaga um heimild til frestun rannsóknar. Tillagan var umdeild og því ekki afgreidd á fundinum.

Óvenjumargir fundir voru í stjórn framkvæmdaráðs EPO á árinu, meðal annars vegna kosningar nýs forstjóra. Alls voru sjö fundir á árinu sem forstjóri sótti.

Forstjóri á einnig sæti í stjórn Evrópsku einkaleyfaakademiunnar. Tveir fundir voru í stjórninni á árinu.

Hugverkahópur EFTA

Fundur í hugverkahópi EFTA í Brussel var haldinn í september. Sviðsstjóri lagasviðs sótti fundinn. Á fundinum var m.a. rætt um innleiðingaferli reglugerðar nr. 1901/2006 og 1902/2006 um lyf fyrir börn inn í EES samninginn og fengnar upplýsingar um hvernig framkvæmd reglugerðanna væri háttáð innan ESB.

Þá voru kynntar tillögur að reglugerð um sameiginlegt einkaleyfakerfi ESB sem EFTA ríkjunum verður gert kleift að gerast aðilar að ef vilji er fyrir því.

Einnig var vikið að fyrirhugaðri endurskoðun skráningarkerfis ESB á vörumerkjum og kynnt áform varðandi framfylgni hugverkaréttinda innan ríkja ESB.

Samstarf faggildingastofa í Evrópu

Í Evrópu hafa faggildingarstofur með sér samstarf innan European Cooperation for Accreditation (EA). Einkaleyfastofan tekur þátt í samstarfi EA sem ISAC (Icelandic Board for Technical Accreditation). Sviðsstjóri sótti aðalfundi EA á árinu.

Norrænt samstarf/ Eystrasaltsríkjasamstarf

Í maí funduðu forstjórar einkaleyfastofanna hér á landi. Nýtt var fundaradstaða í Bláa lóninu. Eins og tíðkast hefur var rætt um helstu verkefni og þróun í alþjóða- og Evrópustarfi. Þá var sérstaklega rætt um breytt fyrirkomulag á samstarfinu vegna niðurskurðar. Aðilar voru sammála um að afar mikilvægt væri að halda samstarfinu áfram en finna leiðir til að lækka kostnað, m.a. með því að fækka fundum og funda samhliða öðrum alþjóðlegum fundum.

Nordic Patent Institute

Nordic Patent Institute (NPI) er samstarfsverkefni Danmerkur, Noregs og Íslands. Stofnunin, sem er viðurkennd alþjóðleg rannsóknarstofnun (ISA), byggir starfsemi sína á þeim mannaði sem þegar er til staðar hjá einkaleyfastofum aðildarríkjanna en forstjóri stofnunarinnar var á árinu eini fasti starfsmaður stofnunarinnar.

Stofnunin er nú búin að starfa í tvö ár en fyrstu árin hafa að miklu leyti farið í það að tryggja alla verkferla og festa samstarfið milli landanna í sessi.

Á næsta ári eru fyrirsjáanlegar töluverðar breytingar á stofnuninni en þá tekur við nýr forstjóri, Lone Hartung Nielsen, auk þess sem ráðinn verður aðstoðarforstjóri, Grétar Ingi Grétarsson. Núverandi forstjóri, Niels Ravn, hefur sagt starfi sínu lausu frá og með fyrsta febrúar 2010.



Nýir stjórnendur NPI og fráfarandi forstjóri. Frá vinstri, Lone Hartung Nielsen, næsti forstjóri, Niels Ravn, fráfarandi forstjóri, og Grétar Ingi Grétarsson, næsti aðstoðarforstjóri NPI.

Þá er fyrirhugað að allt markaðsstarf dönsku einkaleyfastofunnar erlendis varðandi ýmsa þjónustu, sem ekki tengist lögbundnum verkefnum einkaleyfastofunnar, verði fært yfir til NPI. Við það munu umsvif NPI aukast töluvert. Stofnunin mun leggja aðaláherslu á að þróa og markaðssetja margvíslega þjónustu fyrir viðskiptavinum, auk þess að sinna starfi sínu sem rannsóknarstofnun fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir (PCT). Á þessum tveimur árum síðan stofnunin hóf starfsemi sína hefur 221 umsækjandi alþjóðlegra einkaleyfisumsókna valið NPI til þess að framkvæma nýnæmisrannsókn á uppfinningu sinni. Það má teljast góður árangur fyrir nýja stofnun ef litið er til þess að samkeppnisaðilinn er m.a. Evrópska einkaleyfastofan.

Alþjóðahugverkastofnunin – (WIPO)

Um miðjan júní var fundað í samráðsnefnd Alþjóðahugverkastofnunarinnar (Co-ordination Committee), m.a. til að taka ákvarðanir um tilnefningar nýrra varaforstjóra. Um var að ræða sjö stöður, þrjá aðstoðarforstjóra (Assistant Directors) og fjóra varaforstjóra (Deputy Directors General). Þeir sem voru tilnefndir komu frá Bandaríkjunum, Kína, Þýskalandi, Nígíeríu, Japan, Barbados og Sri Lanka.

Í september fór fram árlegt þing Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Fyrir þingið var enn fremur haldin alþjóðleg ráðstefna/ fundur einkaleyfayfirvalda (Global symposium of IP Authorities).

Fjöldi ákvarðana voru teknar á þinginu er varða breytingu á efnisreglum og meðferð umsókna á hinum mismunandi sviðum. Ekki verður greint nákvæmlega frá því hér, en áberandi voru breytingar á verkferlum og formkröfum sem auðvelda umsóknarferli fyrir alþjóðlegar umsóknir bæði á sviði vörumerkja (Madrid) og einkaleyfa (PCT). Þá var ákveðið að einfalda ferlið við alþjóðlega skráningu á hönnun með því að fella úr gildi elsta hluta Haag-sáttmálans (frá árinu 1934 í London).

Ráðstefnur

Sviðsstjóri lagasviðs tók þátt í pallborðsumræðum á norrænni ráðstefnu í Kaupmannahöfn í mars um tengsl vörumerkja og firmaheita.

Í mars var einnig haldin ráðstefna í Brussel fyrir æðstu stjórnendur á sviði vörumerkja. Forstjóri stofnunarinnar tók þátt í ráðstefnunni.

Ráðstefna á vegum sérfræðingahóps ESB um framfylgni hugverkaréttinda var haldin í Brussel í lok apríl. Sviðsstjóri lagasviðs var fulltrúi Íslands í hópnum og sótti ráðstefnuna í boði ESB.

Í maí fór fram í fjórða skipti verðlaunaafhending fyrir „Uppfinningamann Evrópu“. Að verðlaunum þessum standa Evrópska einkaleyfastofan og Evrópusambandið og var athöfnin að þessu sinni í Prag. Veitt eru verðlaun í fjórum flokkum, fyrir uppfinningu í iðnaði, ævilangt framlag, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og rannsóknum, og loks fyrir uppfinningu utan Evrópu. Samtímis verðlaunaafhendingunni var haldin ráðstefnan „European Patent Forum“ og „Patinnova 2009“ sem sótt var af forstjóra.




Forsætisráðherra Tékklands, Mirek Topolánek, við opnun ráðstefnunnar „European Patent Forum“.

Starfsmannamál

Töluvert var um tilfæringar og breytingar í starfsmannamálum á árinu.

Í upphafi árs 2009 störfuðu 31 starfsmaður á Einkaleyfastofunni, 24 konur og 7 karlar.



Kynjahlutfall starfsmanna á ELS.

Í lok ársins voru starfsmenn 24, þar af tveir í fæðingarorlofi.

Í febrúar koma sviðsstjóri lagasviðs úr barnseignarleyfi og í maí kom Ásta Valdimarsdóttir forstjóri úr leyfi. Um miðjan september og byrjun október runnu út tímabundnir ráðningasamningar fjögurra starfsmanna og var öðrum tveimur starfsmönnum með ótímabundna ráðningu að auki sagt upp störfum vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof undir lok ársins.

Á vegum fjármálaráðuneytisins var efnt til sparnaðarátaks í samstarfi við Capacent og voru stofnanir hvattar til að láta sem flesta starfsmenn koma að verkefninu og fá fram hugmyndir þeirra um sparnað og hagræðingu. Einkaleyfastofan tók þátt í verkefninu og var haldinn „hugarflugsfundur“ með starfsmönnum stofnunarinnar og aðstoðarmanni frá Capacent um miðjan nóvember. Mjög margar hugmyndir komu fram varðandi rekstur stofnunarinnar almennt. Annar fundur til að vinna frekar úr tillögum starfsmanna var haldinn eftir áramót (mars 2010).



Starfsmenn ELS á góðri stundu. Frá vinstri Sigurlinni, Magga og Lára stínga saman nefjum. Ásta á skurðarbrettinu. Herdís, Margrét H., Hafsteinn og Elfa, mjög hress.

Endurmenntun

Þrátt fyrir töluvert aðhald í rekstri var lögð rík áhersla á að starfsmenn sæktu námskeið og ýmsa fræðslu til að auka við og/eða viðhalda þekkingu sinni.

Í febrúar sóttu þrír starfsmenn rekstrarsviðs námskeið á vegum Starfsmenntunar um hvernig beri að fást við krefjandi viðskiptavini og að auki fór einn þeirra á námskeið í almennri skrifstofutækni. Skjalastjóri sótti námskeið Endurmenntunar í stjórnslu- og upplýsingalögum og sérsniðið námskeið í skjalavörslu fyrir skjalastjóra í stofnunum. Netstjóri sat Microsoft námskeið í kerfisrekstri sem kennt var frá febrúar fram í júní og fór að auki á námskeið erlendis hjá EPO vegna undirbúnings innleiðingar á rafrænum einkaleyfaumsóknum.

Á einkaleyfasviði sátu tveir starfsmenn námskeið í forflokkuðum einkaleyfa sem kennt var í gegnum netið. Tveir frá sviðinu sátu Nordisk Kemismöde á vegum FUVÉ en námskeiðið fór fram tvo daga í september á Hótel Loftleiðum og en einn sat námskeið í notkun á MS Publisher forritinu. Að lokum fór sviðsstjóri á námskeið í verkefnastjórnun og skilvirkri stjórnun í opinberum rekstri.

Á vörumerkja- og hönnunarsviði var minna um endurmenntun þetta árið en undanfarin ár. Engu að síður sat einn starfmaður námskeið í notkun MS Publisher og annar fór til Genfar á WIPO námskeið í Haag/Madrid kerfinu. Sami starfmaður sótti trúnaðarmannanámskeið á vegum SFR stéttarfélagans í nóvember.

Tveir lögfræðingar lagasviðs sóttu í maí námskeið í framkomu og tjáningu ásamt sviðsstjóra gæðasviðs og annar starfsmanna faggildingarsviðs fór á námskeið í fjármálum ríkistofnana og stjórnslu- og upplýsingalögum.

Verkferlar, tölvu- og tæknimál

Innleiðing á rafrænu skjalakerfi og rafrænni meðhöndlun kallar á endurskoðun á öllum verkferlum. Hér er um að ræða afar mikilvægt verk sem vanda þarf til. Reynt var að samtvinna endurskoðun þessa við innleiðingu gæðakerfisins þannig að gæðahandbókin endurspeglaði allar breytingar á verkferlum.

Eins og fyrr hefur komið fram var á árinu tekin í notkun ný einkaleyfaskrá, sem hefur verið nefnd „ELÍS“. Skráin er sérsníðuð og byggir á opnum hugbúnaði. Skráin er með mun meiri og betri virkni en sú eldri.

Á árinu 2008 var ákveðið að breyta um fjárhagskerfi fyrir stofnunina, hætta notkun á Snertu og DK hugbúnaði og taka upp þess í stað fjárhaldskerfi Fjárslu ríkisins, TBR (tekjubókhald ríkisins). Á árinu 2009 var unnið að innleiðingu þessa nýja kerfis og nauðsynlegum aðlögunum sem tengist slíkum breytingum. Í lok árs hafði þessi vinna farið fram þannig að unnt var að hefja notkun á nýja kerfinu um áramót 2009-2010.

Afar mikilvægt skref í innleiðingu rafrænnar meðhöndlunar gagna var tekið með því að fá tengingu milli vörumerkjaskrárinnar (4 D kerfi) og skjalavistunarkerfisins GoPro. Að þessu unnu bæði sérfræðingar frá Hugviti (GoPro) og sérfræðingur sá sem hannaði vörumerkjaskrána á sínum tíma, Eggert Thorlacius.

Áfram var unnið að frekari þróun heimasíðu stofnunarinnar. M.a. voru bættir leitarmöguleikar í vörumerkjaskrá.

Frekar lítil endurnýjun var gerð á tækjabúnaði en þó fest kaup á tveimur tölvum og átta nýjum skjáum.

Árangursmat

Ársáætlun

Á fjárlögum ársins 2009 voru 193,2 m. kr. ætlaðar til reksturs stofnunarinnar. Þar af voru 10,1 m.kr. sértekjur. Síðan er tilgreint að fjármögnunin sé annars vegar innheimt af ríkistekjum 172,3 m. kr. og greitt úr ríkissjóði 10, 8 m. kr.

Á fjáráukalögum voru samþykktar 14, 3 m. kr. til viðbótar til rekstursins. Samtals voru fjárheimildir því 207,5 m. kr.

Í samþykktri rekstraráætlun var hins vegar gert ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 240,7 m.kr. og heildartekjum að upphæð 192 m.kr. þar af 10,8 m.kr. frá ríkissjóði. Gert var ráð fyrir að nýta höfuðstól stofnunarinnar til að koma til móta við mismun rekstrargjalda og tekna.

Síðar á árinu var gerð uppfærð rekstraráætlun til að mæta kröfum um niðurskurð.

Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri ELS árið 2009 má sjá í töflunni hér að neðan.

	Raun 2009	Áætlun 2009
Tekjur	m.kr.	m.kr.
Rekstrartekjur	208,4	172
Sértekjur	10,4	10
Tekjur samtals:	218,8	182
Gjöld		
Rekstrargjöld	221,1	240,7
Gjöld samtals:	221,1	240,7
Tekjur umfram gjöld	-2,3	-58,7
<i>Framlag úr ríkissjóði</i>	<i>10,8</i>	<i>10,8</i>
Hagnaður/ tap ársins	8,5	-47,9

Helstu tölur úr ársreikningi 2009.

Samanburður og skýringar á helstu frávikum

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var tæpum 20 milljónum lægri en áætlað hafði verið eða tæpum 10% lægri. Um mitt ár var gripið til ýmissa aðgerða til að ná fram þessari hagræðingu. Stærsti gjaldaliður stofnunarinnar er launaliðurinn. Til að lækka hann var gripið til uppsagna, tímabundnir samningar voru ekki endurnýjaðir, starfshlutfall nokkurra starfsmanna skert, skipuriti breytt og fólk flutt til í starfi. Þá voru engar launahækkningar á árinu. Með þessum aðgerðum og frestun ýmissa verkefna var hægt að ná nauðsynlegri hagræðingu.

Eins og sjá má af ofangreindum tölum er talsverður munur á fjárlögum og rekstraráætlun. Hér er um að ræða vanda sem hefur verið til staðar í nokkur ár. Þar sem innheimtar tekjur stofnunarinnar eru í formi þjónustugjalda ber einungis að verja þeim til reksturs stofnunarinnar. Þegar umsóknum hefur fjölgað mikið, eykst nauðsynleg vinna og þar með útgjöld. Rekstraráætlanir stofnunarinnar hafa því endurspeglað áætlaðan fjölda umsókna og annarra erinda og kostnað við þá vinnu. Haft hefur verið að viðmiði að stofnunin væri rekin fyrir innheimtar tekjur og gjöld væru því aldrei hærri.

Rekstraráætlanir stofnunarinnar hafa verið sendar ráðuneyti til samþykktar. Hins vegar hafa þær áætlanir ekki verið endurspegladar í fjárlögum. Munurinn á upphæð til reksturs ELS í fjárlögum og rekstraráætlun hefur því verið til staðar í nokkurn tíma. Á árinu 2009 náðist að minnka þennan mun að hluta, en enn munar þó 13.6 m. kr. (221,1 m. kr. og 207,5 m. kr.) þrátt fyrir að rekstarkostnaður hafi lækkað um tæpar 20 m. kr. miðað við áætlun. Leitað var eftir heimild til að nýta hluta höfuðstóls til að mæta þessum mun.

Þegar rekstur stofnunarinnar árið 2009 er skoðaður í heild verður að telja að árangurinn hafi verið góður.